

Síðanefnd BÍ – Úrskurður í máli nr. 9/2022-2023

Kærandi: Vilhelm Róbert Wessman.
Kærðu: Reynir Traustason, ritstjóri Mannlífs.
Kæruefni: Umfjöllun Mannlífs um kæranda 13. september 2022.

Málsmeðferð.

Málið var kært til Síðanefndar með bréfi lögmanns kæranda, dags. 15. september 2022. Leitað var andsvara kærða, sem bárust með bréfi hans, dags. 19. október 2022. Síðanefnd ræddi málið á fundum sínum 27. september, 18. október og 1. nóvember 2022.

Málavextir.

Kærandi lýsir því að kærán lúti að rangri umfjöllun miðilsins um eignarhald kæranda í íþróttafélaginu Mjölni í gegnum fjárfestingafélagið Flóki Invest en nánar er um að ræða grein sem birt var í Mannlífi 13. september 2022 undir yfirskriftinni:

„Bardagaklúbburinn Mjöltnir í tapi: - Róbert ekki lengur hluthafi og lét loka bardagaherbergi.“

Kærandi greinir frá því í kæru sinni að í kjölfar birtingar greinarinnar hafi kærandi beðist leiðréttingar og/eða að allt efni yrði fjarlæggt. Fram kemur að ekki hafi verið orðið við þeim kröfum. Í kæru er hins vegar ekki nánari grein gerð fyrir því hvað kærandi telji hafa verið rangt í greininni og hverra leiðréttinga hafi verið óskað eftir þó leiða megi líkur að því með lestri tölvupósta sem fylgdu kærinni. Með kærinni fylgdi einnig útskrift umræddrar greinar af vefsíðunni mannli.is og kemur þar fram að greinin hafi verið uppfærð vegna ábendingar frá lögmanni kæranda. Í kæru er hins vegar engin grein gerð fyrir þessari uppfærslu.

Í kæru er ennfremur greint frá því að kærandi telji að kærði og/eða félög honum tengd hafi gegn greiðslu og/eða öðrum fyrriheitum frá Halldóri Kristmannssyni og tengdum aðilum, leyft þriðja aðila að hafa áhrif á hagsmunamat sitt við greinaskrif og þannig rofið trúnað við lesendur. Þá er í kærinni vísað til þess að áður hafi fram komið að kærði hafi haft beina hagsmuni af neikvæðri umfjöllun um kæranda og er vísað til úrskurða Síðanefndar í málum nr. 8/2021-2022 og 9/2021-2022 í því sambandi. Þá er vísað til þess að það sé mat kæranda að hin kærða umfjöllun sé enn ein umfjöllunin, *„...sem sett er fram í þeim eina tilgangi að skaða orðspor [kæranda]... og að hún sé hluti af þeirri herferð sem kærði hafi tekið að sér að standa að, gegn greiðslu frá Halldóri Kristmannssyni.“*

Kærði færði fram andsvör með bréfi, dags. 19. október 2022. Er þar greint frá því hvernig kærði vann að heimildaöflun vegna hinnar kærðu greinar og að hann hafi komið að leiðréttingu eftir að lögmaður kæranda gerði kröfu um það. Þá vísar kærði til þess að hann hafi nú staðfestingu á því að kærandi hafi ítrekað farið *„...inn í ritstjórnarkerfi miðilsins til að afla upplýsinga“* eða fengið upplýsingar þaðan sem hann hafi vitað eða hafi mátt vita að væru illa fengnar og án heimildar. Kemur fram að kærði telji að hvorki Síðanefnd né Blaðamannafélag Íslands hafi sýnt *„þessum glæp“* neinn áhuga *„en lagt sig í líma við að ganga erinda auðmanns, með sleggjudómum“* um kærða og að nefndin brjóti og sveigi *„eigin*

reglur“ og úrskurði „samkvæmt slúðri.“ Í andsvörum kæranda er á hinn bóginn ekki vikið að fullyrðingum kæranda um að með hinum kærðu skrifum hafi kærði með ítrekuðum hætti brotið trúnað við lesendur vegna þess hagsmunasambands sem hann hefur við Halldór Kristmundsson.


Umfjöllun.


Með úrskurðum Siðanefndar í málum nr. 8/2021-2022 og 9/2021-2022, sem upp voru kveðnir 31. maí 2022, og úrskurði Siðanefndar í máli nr. 8/2022-2023, sem upp er kveðinn í dag, hefur Siðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að með móttöku fjármuna frá Halldóri Kristmannssyni, vegna bókarskrifa um kæranda, hafi kærði orðið vanhæfur til að fjalla um málefni kæranda í fréttamiðli með þeim hætti sem hinar kærðu umfjallanir voru fram settar og var talið að kærði hafi borið gegn 5. gr. siðareglna enda bæri blaðamanni að varast slíka hagnunaárekstra. Hin kærða umfjöllun er sama marki brennd og telur Siðanefnd að með umfjöllun um kæranda hafi kærandi áfram brotið gegn 5. gr. siðareglna. Að fenginni þessari niðurstöðu telur Siðanefnd hvorki vera efni til að taka efnislega afstöðu til fyrra efnislega umkvörtunaratriðisins, eða hvort réttmætum leiðréttingum hafi verið komið á framfæri, en tekur þó fram að umfjöllun um þau atriði séu jafnframt vanreifuð í kærinni.

Úrskurður.

Kærði, Reynir Traustason telst hafa brotið siðareglur BÍ. Brotið er mjög alvarlegt.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.


Friðrik Þór Guðmundsson


Asgeir Þór Árnason


Emma Björg Eyjólfsdóttir


Pálmi Jónasson


Fanney Birna Jónsdóttir